



Knattspyrnudeild Breiðabliks
Flosi Eiríksson, formaður
Eysteinn Pétur Lárusson, framkvæmdastjóri

Reykjavík, 8. júní 2022

Úrskurður: Atvik í leik Leiknis R. og Breiðablik í Bestu deild karla 29. maí 2022

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 7. júní sl., var tekið fyrir erindi sem framkvæmdastjóri KSÍ sendi til nefndarinnar með vísan til greinar 19.2. í lögum KSÍ og 5. greinar reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Erindið varðaði atvik er átti sér stað í leik Leiknis R. og Breiðablik í Bestu deild karla þann 29. maí 2022. Erindið barst nefndinni þann 31. maí sl. og var þá ákveðið að gefa hlutaðeigandi aðilum kost á að skila skriflegri greinargerð um málið fyrir kl. 12:00 þriðjudaginn 7. júní.

Í samræmi við ákvæði 5.2. og 5.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um önnur mál sem framkvæmdastjóri KSÍ eða aðrir, sem til þess hafa heimild, beina til nefndarinnar eða nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna knattspyrnuleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau. Nefndin getur úrskurðað um alvarleg agabrot sem dómari og aðstoðarmenn hans sáu ekki í leik og brugðust því ekki við.

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar 7. júní lá fyrir skrifleg greinargerð frá Breiðablik dags. 7. júní 2022. Í greinargerð Breiðablik segir m.a. að „í tilvikum þar sem hvorki dómari, aðstoðardómari né eftirlitsmaður KSÍ verða þeirra ekki vör eru ákvarðanir dómarans endanlegar og geti ekki sætt endurskoðun aga- og úrskurðarnefndar KSÍ á grundvelli greinar 5.5“. Þessu sjónarmiði knattspyrnudeildar Breiðabliks er hafnað af hálfu aga- og úrskurðarnefndar. Í samræmi við grein 5.2. knattspyrnulaganna (Laws of the game), þá gerir dómari sít besta til að taka ákvarðanir í samræmi við knattspyrnulögin og anda leiksins og þær munu byggjast á mati dómarans á aðstæðum og því svigrúmi sem rammi laganna veitir honum. Í gögnum málsins liggja fyrir staðfestingar frá dómara og aðstoðarmönnum hans, í leik Leiknis R. og Breiðablik þann 29. maí 2022, á því að atvik það sem lýst er í greinargerð framkvæmdastjóra hafi þeir ekki séð og því ekki brugðist við vegna þess. Því liggur ljóst fyrir að mati nefndarinnar að dómara og aðstoðarmönnum hans hafi verið ókleift að taka ákvörðun um atvik það sem um ræðir í samræmi við knattspyrnulögin byggða á mati þeirra á aðstæðum og því svigrúmi sem rammi laganna veitir. Ef um hefði verið að ræða atvik sem dómari hefði áður lagt mat á og tekið ákvörðun um inn á velli, þá skal tekið fram að sú ákvörðun hefði ekki getað sætt endurskoðun aga- og úrskurðarnefndar á grundvelli greinar 5.3. Hér sé hins vegar um að ræða atvik sem ekki hefur áður sætt mati dómara eða aðstoðarmanna hans inn á velli og því sé skýr grundvöllur fyrir aga- og úrskurðarnefnd að leggja mat á og úrskurða um umrætt atvik í samræmi við grein 5.3.

Heimild til að styðjast við myndbandsupptökur við ákvörðun viðurlaga byggir aga- og úrskurðarnefnd á grein 5.5. Í máli þessu liggur hvorki fyrir skýrsla dómara og/eða eftirlitsmanns né önnur atvikalýsing til grundvallar. Þar sem ekki liggur fyrir atvikalýsing telur nefndin það heimilt að styðjast við myndbandsupptökur við ákvörðun viðurlaga vegna agabrota í því tilviki sem hér um ræðir, sbr. grein 5.5.

Að framangreindu virtu og öðrum fyrirliggjandi gögnum er það mat nefndarinnar að atvik það sem vitnað er til í greinargerð framkvæmdastjóra frá 31. maí sl. og jafnframt birtist á myndskaiði sem fylgir með greinargerð framkvæmdastjóra, sé alvarlegt agabrot. Atvik hafi hvorki dómari né aðstoðarmenn hans séð í leik Leiknis R. og Breiðablik í Bestu deild karla þann 29. maí sl.

Hefur aga- og úrskurðarnefnd ákveðið, með vísan til ákvæða 5.2. og 5.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, að úrskurða Omar Sowe, leikmann Breiðabliks, í tveggja leikja bann í Íslandsmóti vegna atviksins í framangreindum leik, samkvæmt 12. gr. sömu reglugerðar. Leikbann Omar Sowe tekur gildi við uppkvaðningu úrskurðar.

Virðingarfyllt,
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson